Febrúar 2018

# Álfheimafréttir

7. tölublað, 29. árgangur

## Þorrablót 2018

Á þorrablóti Álfheima flutti hver deild skemmtiatriði sem ýmist var í formi söngs eða leikþáttar. Að því loknu snæddu allir þorramat á sinni deild.

**Leiksýning á vegum foreldrafélagsins**

Mánudaginn 23. apríl klukkan 10:00 ætlar foreldrafélagið að bjóða upp á brúðuleiksýningu Bernd Ogrodnik um Pétur og úlfinn.

# Gjafir til leikskólans

Á degi leikskólans gáfu Pétur Berg, Lúkas Lár, Víkingur Þór og Hekla Dís leikskólanum trommu sem þau komu með frá Burkina Faso í Afríku en þar dvöldu þau um tíma í janúar. Við þökkum þeim kærlega fyrir.

Bryndís Brá starfsmaður hjá okkur gaf leikskólanum nýlega fjórar prjónaðar dúkkupeysur, við þökkum henni kærlega fyrir.

## Starfsmannabreytingar

Harpa Reynisdóttir er komin í fæðingarorlof, Harpa Hrönn Gísladóttir er komin í leyfi og fer í framhaldi af því í fæðingarorlof. Bryndís Rósantsdóttir er í stað Hörpu Reynis á Óskasteini og Bára Sif í stað Hörpu Hrannar á Völusteini.

Guðný Birgisdóttir er komin úr leyfi.

María Hjördís Karlsdóttir hóf störf hjá okkur í janúar og hún verður í afleysingu á öllum deildum.

Andrea Líf Guðmundsdóttir hefur látið af störfum.

Lieselot Simoen er í leyfi og Margrét Jóna Ólafsdóttir leysir hana af.

Erna Guðjónsdóttir hóf störf í janúar og er á Álfasteini.

## Læsið hurðum

**Mikilvægt er að allir loki og læsi millihurðum út úr leikskólanum.**

## 6. febrúar—Dagur leikskólans

Leikritið um Búkollu var flutt af börnum og starfsfólki á degi leikskólans 6. febrúar.

Opið hús var í leikskólanum þennan dag og gaman að sjá hvað margir sáu sér fært að koma í heimsókn til okkar og vera með okkur í leik og starfi. Takk fyrir komuna.

## Nemar

Alda Kristín og Auður Hanna leikskólakennaranemar verða í vettvangsnámi hjá okkur næstu vikur. Alda Kristín verður hjá Birnu á Óskasteini og Auður Hanna hjá Guðnýju á Völusteini.

Sigfús Andri Þorvaldsson nemi á starfsbraut Fsu verður í starfsnámi hjá Önnu Gínu á þriðjudögum 10:30-12:00 út apríl.

## Sumarfrí

**Leikskólinn verður lokaður vegna sumarleyfa frá og með 5. júlí til og með 8. ágúst 2018.**

**Við opnum aftur fimmtudaginn 9. ágúst 2018.**

## Fundargerð foreldraráðs

Fundur í foreldraráði Álfheima 15. febrúar 2018

Mættir: Jóhanna Þorvarðardóttir, Elmar, Ása, Birgir, Kristrún og Jóhanna Þórhallsdóttir.

Sýning. Val stendur á milli Pétur og Úlfsins og Íslenska fílsins. Ása ætlar að heyra í Bernd.

Vasaljósaferð ? spurning um að sleppa henni og setja frekar meira púður í páskaeggja leitina.

Leggjum til að 17. eða 24. mars fyrir páskaeggjaleit.

Veltu því fyrir okkur að bjóða uppá kakó.

Spuringa um að hafa flóknari leit fyrir þau eldri.

Elmar á útfærlsu að leik. Setur hugmynd á facebook síðu.

Það kom upp hugmynd að hafa myndatöku á hverju ári. Í bili verði það áfram á tveggja ára fresti.

Samborg – allir velkomnir á fundi hjá þeim.

Nú á að fara að skoða skóladagatal fyrir 2018-2019. Jóhanna setur það inn á facebook síðuna.

Foreldraráð þarf að samþykkja.

Fundaritari Kristrún.